



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 15. nóvember 2019

Ákvörðun nr. 38/2019

Kaup Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á Lykli fjármögnun hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 11. október 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (hér eftir TM) á 100% hlut í Lykli fjármögnun hf. (hér eftir Lykill). Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Með bréfi, dags. 21. október 2019, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og að frestir samkvæmt lögnum hafi byrjað að líða þann 14. október 2019.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum og keppinautum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum TM á Lykli felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

Fram kemur í samrunaskrá að TM sé tryggingarfélag, með starfsleyfi sem slíkt samkvæmt lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og sæti eftirliti Fjármálaeftirlitsins. TM hafi verið skráð í Kauphöll Nasdaq OMX á Íslandi síðan í maí 2013. Aðalstarfsemi TM felist í skaðatryggingarekstri og fjármálarekstri, svo og líftryggingarekstri í gegnum dótturfélag sitt, Líftryggingamiðstöðina hf. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess sé að hafa með höndum hvers konar váttryggingar aðrar en líftryggingar, þ.m.t. endurtryggingar, svo og hliðarstarfsemi sem heimil sé að lögum. TM eigi fjögur dótturfélög, Líftryggingamiðstöðina hf., Íslenska endurtryggingu hf., TM fé ehf. og Tryggingu hf.

Þá segir í samrunaskrá að Lykill sé lánafyrirtæki sem stundi eignatryggða fjármögnun og fjármagni bíla-, véla og tækjakaup fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Félagið sé með starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sæti



sem slíkt eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Tilgangur Lykils samkvæmt samþykktum félagsins sé eignarleiga, lánastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta. Í samrunaskrá segir að Lykill sé í eigu Klakka, sem sé eignarhaldsfélag. Lykill eigi allt útgefið hlutafé í Lýs-2 ehf., Lýs-3 ehf., Lýsinguhf. og Kvakki ehf., en enginn rekstur fari fram í dótturfélagunum.

Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans mjög jákvæð og til þess fallin að efla samkeppni á þeim mörkuðum þar sem áhrifa hans kunna að gæta. Samrunaaðilar telja enn fremur að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa áhrif á markaðsgerð þeirra markað sem áhrifa hans gæti á með neikvæðum hætti, enda aðeins um lítilsháttar samlegðaráhrif að ræða á markaði fyrir fjármögnun bíla og atvinnutækja.

2. Markaðir málsins og staða aðila á þeim

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar starfi að langstærstum hluta á ótengdum mörkuðum. Eina skörunin milli starfsemi samrunaaðila, eða fyrirtækja undir yfirráðum samrunaaðila, sé á markaði fyrir fjármögnun bifreiða, atvinnutækja og -véla.

Í samrunaskrá segir að Lykill sé lánafyrirtæki sem bjóði fjármögnun til kaupa á bifreiðum og atvinnutækjum. Mögulegt væri að mati samrunaaðila að líta á markað fyrir lánveitingu fjármálafyrirtækja til viðskiptavina, þ.e. einstaklinga og fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja, sem einn markað. Við frekari greiningu þess markaðar í undirmarkaði væri að mati samrunaaðila mögulegt að skilgreina markað fyrir fjármögnun bíla og atvinnutækja sem þann markað sem Lykill starfi á. Samrunaaðilar telji ekki forsendur til að greina þann markað í undirmarkaði eftir því með hvaða móti gengið sé frá fjármögnuninni, þ.e. hvort það sé t.d. gert með bílaláni (skuldabréf með veði í bifreið) eða kaupleigusamningi (þar sem eignarhald bifreiða sé hjá fjármögnunaraðila þar til samningur sé að fullu greiddur). Þá telji samrunaaðilar ekki forsendur til að sundurgreina milli fjármögnunar bíla og atvinnutækja né milli þess hvort fjármögnun sé veitt einstaklingum eða lögaðilum öðrum en fjármálafyrirtækjum.

Þá segir í samrunaskrá að TM sé váttryggingafélag sem starfi á váttryggingamarkaði. Dótturfélag TM, Líftryggingamiðstöðin hf., starfi einnig á váttryggingamarkaði. Samkeppnisyfirlit hafi fjallað um váttryggingamarkaðinn, bæði í ákvörðunum og í skýrslum og ritum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2016 hafi komið fram sú afstaða eftirlitsins að markaður fyrir váttryggingastarfsemi skiptist í aðalatriðum í þrjá aðgreinda váttryggingamarkaði, þ.e. markað fyrir skaðatryggingar, markað fyrir líf- og persónutryggingar og markað fyrir endurtryggingar. Þá hafi komið fram að unnt væri að skilgreina tiltekna undirmarkaði, t.d. í einstökum tegundum skaðatrygginga. Að mati samrunaaðila hafi frekari aðgreining váttryggingamarkaðarins, eða skilgreining á tilteknum undirmörkuðum ekki þýðingu fyrir úrlausn þessa máls.



Til viðbótar framangreindri kjarnastarfsemi veiti TM viðskiptavinum sínum lán til bílakaupa. Með vísan til þess teljist félagið einnig starfa á markaði fyrir fjármögnun bíla og atvinnutækja.

Samkvæmt framanrituðu sé ljóst að skörunar á starfsemi samrunaaðila sé eingöngu fyrir hendi á markaði fyrir fjármögnun bíla og atvinnutækja. Að mati samrunaaðila sé það eini markaðurinn þar sem áhrifa samrunans kunni að gæta. Að mati samrunaaðila er landfræðilegi markaður málsins landið allt.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er markaður málsins annars vegar fjármögnun bifreiða¹ og hins vegar fjármögnun atvinnutækja.² Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins tekur Samkeppniseftirlitið ekki endanlega afstöðu til þess hvort að skilgreina eigi markað fyrir fjármögnun bifreiða og atvinnutækja sérstaklega eftir fjármögnunarleið eða hvort fjármögnun sé veitt einstaklingum eða lögaðilum. Samkeppniseftirlitið fellst á það mat samrunaaðila að landfræðilegi markaður málsins sé landið allt, Ísland.

III. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendur og tjóns fyrir samfélagið. Slíkt tjón getur meðal annars átt sér stað vegna þess að samrunaaðilar nýti sér aukinn efnahagslegan styrkleika eftir samruna til að hækka verð eða eftir atvikum til að draga úr gæðum vöruframleiðslu eða þjónustu til að minnka kostnað. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum og er markaðshlutdeild eitt þeirra atriða sem gefur vísbendingu um efnahagslegan styrkleika. Við mat á því hvort að tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.

Ljóst er að meginstarfsemi samrunaaðila fer ekki fram á sama markaði. Báðir samrunaaðilar keppa þó í fjármögnun bíla og atvinnutækja. Til að varpa ljósi á markaðshlutdeild á markaði fyrir fjármögnun bíla og atvinnutækja aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga um veltu aðila á markaðnum með bréfi, dags. 23. október 2019, sem sent var til sex keppinauta samrunaaðila.³ Í bréfinu var óskað eftir upplýsingum um stöðu útlána og kaupleigusamninga vegna bíla- og tækjafjármögnunar.

¹ Framkvæmdastjórn ESB hefur skilgreint markað fyrir fjármögnun bifreiða, sjá t.d. ákvörðun 8. ágúst 2017 í máli nr. M.8460 - PEUGEOT / BNP PARIBAS / OPEL VAUXHALL FINCOS.

² Framkvæmdastjórn ESB hefur skilgreint markað fyrir bankaþjónustu við fyrirtæki og fjármögnun atvinnutækja sem undirmarkað þess markaðar. Sjá t.d. ákvörðun 8. ágúst 2017 í máli nr. M.8553 - BANCO SANTANDER / BANCO POPULAR GROUP.

³ Upplýsingabeiðni var send til Vís, Sjóvá, Íslandsbanka, Landsbanka, Arion banka og Varðar.



Óskað var eftir því að veltan skyldi sundurgreind eftir því hvort um væri að ræða sölu til neytenda eða fyrirtækja. Sömu upplýsinga var jafnframt óskað frá samrunaaðilum. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila miðað við veltu árið 2018 á markaði fyrir fjármögnun bíla og atvinnutækja er [15-20]%. Þá er ljóst að velta TM á þeim markaði er hverfandi og aðrir keppinautar njóta sterkari stöðu. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessi áhrif samrunans á markað fyrir fjármögnun bifreiða og atvinnutækja minniháttar og réttlæta ekki íhlutun vegna hans.

Samkeppniseftirlitið tók einnig til skoðunar hvort möguleg skaðleg samsteypu eða lóðrétt áhrif myndu geta leitt af samrunanum. Í ljósi stöðu samrunaaðila á annars vegar markaði fyrir fjármögnun og hins vegar markaði fyrir tryggingar er það mat eftirlitsins að samrunaaðilar muni ekki hafa getu til þess að takmarka samkeppni með skaðlegum hætti að þessu leyti.

Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruni TM og Lykils leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á Lykli fjármögnun hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson